

# STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 2005

Nr. 2

2

4. janúar 2005

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. janúar 2005 staðfest aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Ölfuss 1997-2004 frá 18. október 1999, með síðari breytingum.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

Nr. 3

5. janúar 2005

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Skagafjarðarveitna, nr. 1053, 14. desember 2004.

Lokamálsliður lokamálsgreinar gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:  
Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 937, 9. desember 2003.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 5. janúar 2005.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Kristján Skarphéðinsson.*